

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030, hitaveitulögn frá Laxá í Refasveit að sveitarfélagamörkum við Skagaströnd.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 20. júní 2013 breytingu á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn Skagabyggðar þann 10. júní 2013.

Í breytingunni felst að hluta breytt lega hitaveitulagnar á svæðinu frá sveitarfélagamörkum við Blönduósbæ að mörkum Sveitarfélagsins Skagastrandar. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 20. júní 2013.

Hafðís Hafliðadóttir, settur forstjóri.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2013